

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 30. apríl 2010



HJÓLIN FARIN AÐ SNÚAST

Tónlistarkonan Lára
Rúnarsdóttir á spennandi
hluti í vændum



AFTUR-SYSTURNAR HALDA TRYLLTAN FATAMARKAÐ + FJÖLNIR GEIR BRAGA-
SON HÚÐFLÚRAR FÆREYINGA + FALLEG NÁTTÚRULEG FÖRÐUN Í SUMAR

1 TB HARÐDISKUR • GRÆNN OG HLJÓÐLÁTUR

SAMSUNG



Kr. 13.950

Samsung HD105SI
1TB EcoGreen F3 harðdiskur
Serial ATA 3.0 Gbps
32 MB buffer minni

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á
LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 •
201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

núna

* fréttir af fólki

REBEKKA JÓNSDÓTTIR FATAHÖNNUÐUR

Á laugardaginn ætla ég að kíkja á fatamarkað sem allar líkur eru á að verði frá-
bær. Um kvöldið er dj duó-ið alphabeta að spila á Hemma&Valda. Við lofum
miklu stuði fram eftir nóttu.



helgín
MIN



Chloé Ophelia í ævintýrakeppni

Fyrirsætan Chloé Ophelia Gorbulev hefur búið í Newcastle á Bretlandi um nokkurt skeið þar sem hún stundar nám en nú hafa hún og unnusti hennar, Árni Elliott, sótt um að taka þátt í alþjóðlegri keppni sem franskir bílaframleiðandinn Renault stendur fyrir. Vinningurinn er hvorki meira né minna en afnot af splunkunýjum Renault-blæjubíl en keppendur þurfa að rúnta um Evrópu og leysa margvíslegar þrautir. Umsókn þeirra skötu-hjúa var send með myndbandi á YouTube líkt og annarra keppenda og þau hafa þegar hlotið um þúsund atkvæði. Árni og Chloé kalla sig „The Vikings“ og eru með Facebook-síðu þar sem hægt er að styðja þau.

Blús á Havarí



Það er hinn ungi Jóhann Páll Hreinsson sem kemur fram undir nafninu Johnny Stronghands og fetar í fótspor gömlu delta-blúsaranna og þeirrar tónlistarhefðar sem upprunnin er í og við Clarksdale í Mississipi á þriðja áratug síðustu aldar. Johnny er nýbúinn að gefa út plötuna Good People of Mine og af því tilefni heimsækir hann verslunina Havarí í dag klukkan fimm. Skemmtileg leið til að sigla inn í helgina.

Fékk far með Dettifossi til Þórshafnar:

FJÖLNIR HÚÐFLÚRAR FÆREYINGA

Þetta er í sjötta sinn sem ég heimsæki Færeyjar og er einstaklega hrifinn af staðnum. Heimamenn taka sérstaklega vel á móti Íslendingum og ég held að Færeyingar viti meira um Ísland en við vitum um Færeyinga,“ segir frægasti húðflúrari Íslands, Fjölur Geir Bragason sem staddur er í Þórshöfn í Færeyjum. Í þetta sinn fékk Fjölur far með skipinu Dettifossi en faðir hans, Bragi Ásgeirsson, átti far með skipinu hjá vini sínum, skipstjóranum Matthíasi Matthíassyni. „Þeir eru gamlir og góðir vinir og ég fékk að fljóta með á síðustu stundu. Þeir fara svo rúntinn til Bretlands og ná í mig aftur á sunnudaginn.“ Fjölur er situr ekki auðum höndum í Færeyjum en hann hefur fengið aðstoðu í versluninni Zoo til að flúra Færeyinga. Zoo er til húsa nálægt höfninni undir skemmtistaðnum Sirkus sem er nánast nákvæm eftirlíking af skemmtistaðnum sáluga sem eitt sinn var til húsa á Klapparstígnum í Reykjavík.

„Það hefur verið nokkuð góð aðsókn,“ segir Fjölur. „Færeyingar eru að færa sig yfir í að fá litaðar myndir líkt og heima á Íslandi í stað þessara hefðbundnu tattúa. Þeir eru margir mjög trúaðir þannig að kristin tákn og bænir eru líka vinsælar.“ Verslunin Zoo selur það heitasta í íslenski hönnun og sem dæmi má nefna fatnað frá Dead, Royal Extreme, Eygló og Philippe Clause og því má áætla að viðskiptavinir Fjölnis í Færeyjum séu hipp og kúl lið í yngra kantinum. „Nei, ég hef fengið fólk á öllum aldri til mín og í gær komu til dæmis mæðgin saman til mín,“ útskýrir hann. „Það er búið að vera yndislegt að vera hérna. Færeyingar kipptu sér ekki upp við öskufallið sem þeir fengu um daginn en hafa dálitlar áhyggjur af Kötlugösi vegna þess að síðast þegar Katla gaus misstu þeir út heilt sumar.“

- amb



Færeyingar gestrisnir við Íslendinga Fjölur flúrar í sama húsi og skemmtistaðurinn Sirkus.

PRODERM™

Skjótvirk hjálp fyrir þurra og viðkvæma húð

Lagar strax, kláða, roða, varapurrk og sviða. Húðin verður mjúk og rakafyllt. Engin fituáferð, lyktarlaust.

Vörn gegn ertandi efnum á pH1-pH12

Hlífir húð barna, þolir munnvatn, nefrennsli og pappírspurrkur.

Klíniskar rannsóknir staðfesta árangur, CE-lækningavara

Fæst í apótekum



www.celsus.is

Tískudrottningar með trylltan markað

Sjúklegur fatamarkaður verður haldinn í húsnæði Eskimo við Skúlatún 4 á laugardag og eru það systurnar Bárá, Sigrún og Hrafnhildur Hólmgeirsdætur, Andrea Brabin og Arna Borgþórsdóttir sem munu selja flíkur sínar.

„Mér finnst þetta tilvalin leið til að endurnýta flíkurnar og gefa þeim lengri líftíma,“ segir Bárá, sem starfar sem fatahönnuður og rekur verslunina Aftur við Laugaveg. „Á markaðnum verður hægt að kaupa ýmsar merkjavörur í bland við önnur notuð föt og segir Bárá að markmiðið sé að fólk geti komið og gert góð kaup. Aðspurð segist hún hafa fengið nokkrar fyrirspurnir frá fólki sem vilji mæta degi fyrir til að versla. „Ég segi öllum bara að mæta tímanlega á laugardeginum, hitt væri ósanngjarn,“ segir Bárá að lokum. Markaðurinn hefst klukkan 11.00 og stendur til klukkan 17.00.

Flóamarkaður Bárá Hólmgeirsdóttir heldur flóamarkað á laugardag ásamt fríðum flokki kvenna.



augnablikið



HIPPALEG Fyrirsætan Agness Deyn var næstum óþekjanleg á götum Lundúnaborgar í síðustu viku klædd í viðum fötum, með hatt og blá Lennon-sólgleraugu.

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Forsíðumynd Stefán Karlsson Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is sími 512 5462 Ritstjórn Anna M. Björnsson Föstudagur Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

snyrtivörur

3 fyrir 2



Glæsileg mósaik
garðhúsgögn

borð 19.900,- stóll 10.900,-



5.990,-



1.990,-



1.690,-



2.490,-



490,-



Púðar
3 fyrir 2



1.490,-



4.990,-



5.990,-



2.890,-



1.990,-



2.490,-



Box verð frá 390,-

nýjar
handmálaðar
og bróderaðar
vörur frá
Indlandi



5.490,-



14.900,-



12.900,-

the
PIER

kemur stöðugt á óvart
www.pier.is
Lokað 1. maí

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

ÞAÐ KEMUR EINHVERN VEGINN ALLT UPP Í HENDURNAR Á MÉR

Söngfuglinn Lára Rúnarsdóttir er komin með nýjan umboðsmann og stefnir á frægð og frama erlendis. Fram undan eru tónleikar þar sem hún spilar á undan hinni vinsælu Amy McDonald auk þess sem hún hefur gert sérstakan samning við tískuhönnuðinn Munda um að klæðast aðeins fatnaði hans á tónleikum.

Viðtal: Anna Margrét Björnsson
Myndir: Stefán Karlsson

Ég var mjög ánægð með myndbandið, það kom miklu betur út en ég þorði að vona," segir Lára sælleg og glöð þegar hún segir frá nýju myndbandi við lagið „I wanna be“ sem er af þriðju plötu hennar sem kom út í október síðastliðnum. Því er leikstýrt af breska leikstjóranum Henry Bateman og skartar Lára og fleira fólki hvítmáluðu í framan með svarta hryllilega bauga. „Já það er smá goth-fílingur í þessu," segir hún og hlær. „Pælingin var sú að maður eigi að kýla á hlutina strax í lífinu vegna þess að maður veit aldrei hvaða dagur er manns síðasti."

Lára er búin að vera í tónlistarbransanum í fjölmörg ár og gaf til að mynda út sína fyrstu plötu hérlandis árið 2003. Nú er hins vegar kúvending á frama Lára þar sem

hún er komin með nýjan umboðsmann, Bretann Nicholas Knowles, sem hefur áralanga reynslu í tónlistarbransanum í Bretlandi og ætlar að sækja hart inn á breska markaðinn í sumar. „Það er vegna Nicks sem hjólin fóru að snúast. Ég hitti hann í gegnum sameiginlega vini en hann hafði farið á tónleika með mér og hreifst af því sem hann sá. Hann segir mér að hann hefði trú á því að ég gæti náð langt erlendis. Persónulega var ég eiginlega búin að leggja alla drauma um frægð og frama á hilluna, ég var nýbúin að eignast barn og hafði í raun ýtt þessu dálítið frá mér." Lára segist síðast hafa spilað úti í Los Angeles árið 2006 og því verður það spennandi fyrir hana að spila á tónleikum í júní sem eru haldnir af tónlistartímaritinu Q. Það er engin önnur en Amy McDonald sem spilar á sömu tónleikum og því má áætla að stórir hlutir geti farið að gerast hjá hinni ungu íslensku söngkonu á næstunni. „Síðasta platan mín var í raun fyrsta platan sem ég gerði eiginlega aðeins það sem mig langaði til þess að gera. Ég vildi bara vinna með skemmtilegum hópi og gera lög sem voru að mínu skapi. En þegar Nick kom og hitti mig þá kviknaði á gamla neistanum hjá mér aftur um að tónlist mín gæti átt erindi til útlanda. Nick hefur afskaplega mikið af samböndum og þetta virðist ætla að ganga upp. Næst á dagskrá er að gera nýjan útgáfusamning og gera svo nýja plötu seinna á þessu ári."

STRANGT KLASSÍSKT TÓNLISTARNÁM

Ein ástæða þess að Nicholas hefur óbilandi trú á Lára eru vaxandi vinsældir söngkvemma sem einnig skrifa tónlistina sína. „Það sem

kallast singer/songwriter á ensku. Það er svo lítill markaður fyrir þessari tónlist hérna heima og svo held ég að fólkið sem er að hlusta á þessa tónlist sé ekkert endilega að kaupa hana heldur spili hana bara á myspace eða öðrum vefsíðum. Nick fylgdist með hópnum sem mætti á tónleikana mína hérna heima og komst að því að þetta voru aðallega unglingsstúlkur. Það er auðvitað stór markaður og mikið sóknarfæri. Hann ber mig saman við söngkonur í Florence and the Machine, Lily Allen, Regina Spector og Bat for Lashes en þær eru allar að gera það gott." Finnst henni rokkheimurinn hafa verið dálítið karlavæddur? „Já, ég held að karlmennirnir sem eru í tónlist fái oft meiri umfjöllun en konurnar, svona eins og gerist reyndar í öllum stéttum. Það er í rauninni dálítið grátbroslegt að þegar ég er komin með karlmann sem umboðsmann fari hlutirnir loksins að gerast," segir hún og hlær. „En það sem Nick hefur líka aðallega gert fyrir mig er að hjálpa mér með þetta endalausa „plögg“ og pot sem ég er ekki hrifin af og hundleiðinlegri samningagerð." Lára kemur af tónelsku fólki og byrjaði ung í tónlistarskóla. Faðir hennar er Rúnar Þórisson gítarleikari og hún lærði bæði á píanó og klassískan söng. „Ég tók burtfararpróf úr söngnum úr Tónlistarskóla Kópavogs árið 2006.

Það verður þó að segjast að ég er eiginlega búin að gleyma alveg klassíska söngnum núna þar sem ég nota hann eiginlega ekki neitt. Það hefur alltaf verið mikil tónlist á heimilinu. Þegar ég var lítil var pabbi minn í mjög ströngu klassísku gítarnámi og því var mikið spilað og mikið æft heima hjá mér. Hann gerði sömu kröfur til mín, ég átti að æfa mig í hálf tíma á dag. Til að byrja með þá naut ég þess ekkert sérstaklega að spila á píanó. Það var ekki fyrir en ég hætti að ég fór að nálgast hljóðfærið upp á nýtt með sköpun í huga að ég virkilega kunni að meta það."

BARNIÐ MEÐ Á TÚRA

Lára keypti sinn fyrsta gítar þegar hún var í sálfræðinámi í Háskóla Íslands. „Ég lærði sjálf á gítarinn og gerði ekki annað en að spila þegar ég átti að vera að læra í háskólanum. Eitt sinn var ég að spila á loka-hófi KK í Stapanum þegar Kiddi í Hjálmmum til mín og bauð mér að taka upp plötu í geimsteini. Tilviljun, eins og svo margt annað í mínu lífi. Ég hef verið svo ótrúlega heppin að kynna alltaf svo góðu fólki. Stundum er eins og það komi allt upp í hendurnar á mér." Dóttir Lára, Embla, er sannarlega gleðigjafi í lífi hennar en hún fæddist fyrir einu og hálfu ári. „Við hjónakornin erum bæði í hljómsveitinni og því höfum við auðvitað hugsað út í það hvað við munum gera ef ég á að fara í tónleikaferð um heiminn. Vonandi gengur þetta upp þannig að við tökum hana bara með okkur.

Spilar ásamt Amy McDonald Lára Rúnarsdóttir tekur stefnuna á Bretland og stóra tónleika í maí.



Vonandi verða þetta ekki einhverjir skítatúrar með rútu þar sem allir fara á fylliri," segir hún og hlær. „Ég er ekki beint að fara að lifa einhverjum rokk og ról-lífsstíl með bandinu og litlu barni." Lára segir hljómsveitina vinna afskaplega vel saman og þrátt fyrir að hún semji öll lögin þá eigi hinir meðlimirnir heilmikið í þeim. Auk þess að vinna myrkranna á milli í tónlistarsköpun er Lára svo rekstrarstjóri Skífunnar og hefur því í nógu að snúast. En hvernig tónlist skyldi höfða mest til hennar? „Vegna vinnu minnar í Skífunni hlusta ég gífurlega mikið á alls kyns tónlist. Undanfarið hef ég mest hlustað á ýmiss konar söngkonur, allt frá gömlum Billy Holliday-upptökum og upp í nýjar stjórnur eins og hina sænsku Lycke Li. Ég er líka mjög hrifin af Nick Cave, Tom Waits og Rufus Wainwright og þess háttar söngvurum. Textarnir mínir eru frekar persónulegir en sumir eru gamansamir. Allir textarnir eru byggðir á einhverri reynslu og eru allt frá því að vera ástarsöngvar upp í að vera lög um náttúruna eða pólitík."

KLÆDIST HÖNNUN MUNDA

„Það er gaman að geta þess að ég samdi lag árið 2006 sem nefnist Crystals og biður fólk að vera ekki að tapa sér í veraldlegu kapphlaupi. Það kom ekki út fyrr en eftir að kreppan skall á sem er kannski dálítið of seint," segir hún og hlær. En hvað brennur mest á henni? „Ég myndi segja að ég væri mikill náttúruverndarsinni og er afskaplega hrifin af náttúrunni og þeim innblæstri sem hún veitir mér við listsköpunina. En ég myndi segja að það sem ég hafi helst lært síðustu ár er hversu mikilvægt það er að læra að lifa í núinu og vera sáttur við það sem maður hefur. Ég á sjálf dálítið erfitt með þetta, ég er alltaf dálítið komin á undan mér og er alltaf að stefna hærra og lengra." Það er púsluspil að koma öllu heim og saman með ungt barn heima fyrir. „Ég held að ég sé að standa mig vel. Þetta væri heldur ekki mögulegt ef ég ætti ekki svona góða fjölskyldu sem styðja mig og aðstoða mig mikið." Þegar Lára hefur tíma aflögu stundar hún sund og

Spry

TYGGJÓ

Bragðgott tyggjó með 100% náttúrulega sætuefninu Xylitol sem stuðlar að betri tannheilsu

Fyrir alla sem vilja forðast sykurla í matvællum!



100% Xylitol

Xylitol er ekki aðeins bragðgott sætuefni heldur stuðlar það hreinlega að betri tannheilsu! Heilbrigðissamtök víða um heim mæla eindregið með Xylitoli sem sætuefni í tyggigúmmi.

Brosu og veru hraust!

Fæst í heilsuþúðum & apótekum



-hafðu það gott

* bak við tjöldin



Uppáhaldsstaður á jörðinni? Vestfirðir.



Skemmtilegasta borgin? Berlín.

Bókin á náttborðinu? Hard-boiled Wonderland and the End of the World eftir Haruki Murakami.

Lífsgleði njóttu eftir Dale Carnegie - fer eftir því hvort ég vil skáldskap eða pepp!

Lagið í i-podinum / geislaspilaranum? Kings of Leon - Closer.

Skemmtilegasta kvikmynd sem þú horfir á síðast? Crazy Heart.



Stofnaður 1952



Skólaárið 2010–2011

Inntökupróf

Þekking
ReynslaFagmennska
GæðiÚrvalskennarar í klassískum
og nútíma listdansiMyndirnar eru teknar á sýningum Listdanskólans 2009.
Ljósmyndari Valgarður Gíslason.

Listdansskóli Íslands

Inntökupróf í grunnskóladeild
(9–15 ára) fara fram 8. maí
kl. 13.00–14.30.

Inntökupróf í framhaldsdeild,
listdansbraut (16 ára og eldri)
fara fram 8. maí kl. 15.00–17.00

Rafræn skráning er hafin
fyrir næsta skólaár 2010–2011
á listdans.is

Nemendur Listdanskóla Íslands
höfðu í fimm efstu sætum í
klassísku sólódanskeppninni í
febrúar síðastliðnum. Þrjár þeirra
eru á leið til Svíþjóðar til að taka
þátt í alþjóðlegri sólódanskeppni.

Munið frístundarkortin.

Staður:
Engjateigur 1
105 Reykjavík

Nánari upplýsingar:
www.listdans.is
588 91 88

jóga. „Ég hef stundað kundalini-jóga í mörg ár og það gerir mikið fyrir mig. Kundalini-jóga er hugleiðsla þar sem unnið er með öll líffærin bæði til að styrkja líkamann og til að styrkja sjálfíð og ég finn mikinn mun ef ég hef ekki tíma til að iðka það.“ Umboðsmaður Láru vann við Reykjavík Fashion Festival og er einnig að kynna hönnun Munda á erlendri grund. Leiðir Munda og Láru lágu því óhjákvæmilega saman og nú hefur Lára gert samning um að klæðast einungis hönnun Munda á sviði og í allri markaðssetningu sem henni viðkemur. „Það er verulega spennandi og framsækinn stíll Munda sem mun án efa hjálpa mér að styrkja ímynd mína. Ég er mjög hrifin af því sem hann er að gera og er núna svo heppin að fá að klæðast hönnun hans.“ Spurð um hvort hún sé komin með heilan fataskáp af skræpóttum Munda-fötum hlær hún dátt. „Nei, alls ekki, þetta er jú nýbyrjað. En þetta er ofsalega skemmtilegt vegna þess hve heitur Mundi er þessa dagana.“

Útlit

* tíska og fegurð



VORBOÐI Þessir undraverðu skór eru úr vor- og sumarlínu kron by kron kron og eru tilvaldir til að lífga upp á dökkan fataskáp vetrarins.




Afrísk myndur
Aðsniðir og litríkir kjólar með framandi blæ.



Gegnsætt
Falleg flík eftir hönnuðinn David Koma.



Hlýtt Græn og sköndin peysa eftir Laura Mackness.



Heklað Ljós kjöll með rétt-hyrningum.

Tískusýning nema í Central Saint Martins

STJÖRNUR FRAMTÍÐARINNAR?

Pað er alltaf gaman að fylgjast með ungum og hæfileikaríkum hönnuðum og ímynda sér hverjir munu koma til með að skína skærast á næstu árum. Listaháskólinn Central Saint Martins í London er mikils metinn á

öllum sviðum hönnunar og hefur gótið af sér eina frægustu tískuhönnuði seinni tíma, þar á meðal Alexander McQueen. Útskriftar-sýning skólans í ár undir handleiðslu prófessorsins Louise Wilson var hin glæsilegasta og skart-

aði frumlegum sniðum og efnum. Þess má geta að nemendurnir voru úr öllum heimshornum sem gerði sýninguna enn fjölbreytilegri. Hér gefur að líta sýnishorn af hönnun sem við munum ef til vill sjá meira af í framtíðinni. - amb

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn... ..góðar fréttir fyrir umhverfið

Ljómandi húð og frísklegar kinnar

Með vortískunni fylgir gjarnan náttúruleg fördun í stað sterkra varalita og mikillar augnmálingar vetrarins. Þær sem vilja vera frísklegar og sætar í sumar geta fylgt ráðum fagfólksins hjá Mac sem er með fallegar nýjungar þessa stundina. María Guðvarðardóttir hjá Mac segir mikilvægt að vera með undirstöðurnar á hreinu til þess að húðin ljómi sem mest. „Það sem alltaf þarf að hafa í huga er að undirbúa húðina vel áður en farði er settur á, nota gott rakakrem og „primer“ sem er undirfarði,“ segir hún. „Strobe-rakakremið er auðvitað nauðsynlegt þegar maður vill fá ljóma í húðina, það er mjög vítamínríkt og nærandi.“ Milt sólarpúður undir kinnbein er nauðsynlegt og einnig er fallett að setja „Cream colour base“ í ljósum lit efst á kinnbeinin til að hækka þau. „Mineralizebluch á kinnarnar gefur síðan aukinn ljóma. Fallegur augnskuggi eins og Patina og Bountiful Brown Powerpoint-blyantur í kring um augun. Á varirnar er fallett kóralitað gloss svo alveg málið í vor og sumar.“

Mikilvægt að nota rétta vörurnar Mac mælir með „Strobe“ kremu sem er nærandi og veitir húðinni frísklegan ljóma, sólarpúðri og „nude“ varaglossi.

- amb

EINFALDLEGA FALLEG HÚÐ

NIVEA

NÝTT!
BÆTT UVA-VÖRN
VINNUR GEGN
HRUKKUMYNDUN

SÉRÐU HVAÐ ÉG ER GÖMUL?
**ÉG HEF ENGAR HRUKKUR
TIL AÐ SANNA ÞAÐ**

**NIVEA Q10 PLUS DAGKREM MEÐ BÆTTRI UVA-VÖRN
SEM VINNUR GEGN HRUKKUMYNDUN.**

Notaðu best geymda leyndarmál húðarinnar til að minnka hrukkur - þitt eigið Q10 kóensím. Nú einnig með bættri UVA-vörn sem vinnur gegn hrukkumyndun, sléttir og nærir húðina. Q10. Skapað af húðinni. Bætt af **NIVEA**.





FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

Agnes Marinósdóttir
fatahönnuður



Ég get engan
vegin hafð
daginn nema
fá mér rót-
sterkt kaffi og
knús frá honum
Óla syni mínum.



Í hádeginu hitti ég Dur-
íði vinkonu mína og við
smjöttumst saman og
ræðum lífið yfir pan-
ini og ef við getum þá
kannski hoppa maður
á Hamborgarafabrikka-
una í einn borgara.



Eftir vinnu næg
ég í strákinn minn
og við kíkjum í
búðir.



Næst á dag-
skrá er fjöl-
skyldustund,
nammi og
Wipeout.

Að lokum myndi ég
vilja kíkja á piurn-
ar mínar, skella á
mig rauðum varalit,
súpa smá rauðvín og
dansa inn í nótt-
ina á háum
hælum.





ÍSLANDSPERLUR

FERÐASÝNING Í PERLUNNI 1. - 2. MAÍ 2010 - KL. 10-17

VESTFIRÐIR

ÍSLENSKAR
MATARKRÁSIR

VESTURLAND

HÖFUÐBORGARSVÆÐI

SUÐURNES

BEINT FRÁ BÝLI

FERÐUMST UM
LANDIÐ OKKAR
Í SUMAR

OPINN
LANDBÚNAÐUR

AÐGANGUR
ÓKEYPIS

NORÐURLAND

FERÐAÞJÓNUSTA
BÆNDA

AUSTURLAND

SUÐURLAND

Að sýningunni standa markaðsstofur landshlutanna í ferðaþjónustu, Ferðaþjónusta bænda, Opinn landbúnaður og Beint frá býli.

Á sýningunni verður gestum boðið að ganga hringinn í kringum landið og fá smjörbæfning af því besta sem ferðalöngum stendur til boða í sumar.

Hvort sem þú hefur áhuga á fugla-, sela-, eða hvalaskoðun, gönguferðum um fjall eða fjöru, heimsækja söfn og sýningar, njóta menningar og lista, stunda golf, skiði eða heilsulindir, eða heimsækja blómlega bæi þá finnurðu örugglega eitthvað sem heillar þig!

Á einum stað gefst fólki tækifæri á að kynna sér fjölbreytta ferðamöguleika á Íslandi, skoða, spjalla og spyrja, bragða á íslenskum krásum og njóta fjölbreyttra uppákoma:

- fara í stuttan útreiðartúr, dást að kiðlingum, andarungum, uppstoppuðum ísbirni og hreindýri,

- fylgjast með gjósandi eldfjalli, handfjatla splunkunýtt hraun og uppgötva leyndardóma kúluskits og óskasteina,

- skoða lítinn burstabæ, bala með skeljum og ílát með lifandi sjávardýrum,

- kynnst ævintýrum Sögu og álfastráksins Jökuls, sjá tröllshöfuð í fullri stærð, hlusta á tröllasögur og frásagnir af skessunni í hellinum, virða fyrir sér álfsnef, máta vikingaklæði og kynnst leikjum vikinga fyrr á öldum, eða imynda sér drekann, Lagarfliótsorminn og persónur úr Hrafnkelssögu,

- taka þátt í SMS ratleik, njóta leiðsagnar um Óskjuhlíð, bæta við lengsta trefil í heimi, öðlast innsýn í framtíðina frá spákonu og njóta ýmissa tónlistaratriða.

Hlökkum til að sjá þig! Ísland sækjum það heim!

EINSTAKT TÆKIFÆRI!

Vegna breytinga á HTH-sýningarsal okkar í Lágmúla 8 bjóðum við nú fjórar eldhúsinnréttingar með ótrúlegum afslætti:



Upphaflegt verð: Kr. 1.400.000,-
með borðplötum, stálvaski og blöndunartækjum
TILBOÐSVERÐ: Kr. 495.000,-



GLÆSILEGAR
INNRETTINGAR



Upphaflegt verð: Kr. 1.700.000,-
með borðplötu
TILBOÐSVERÐ: Kr. 590.000,-

Fyrstur kemur – fyrstur fær!

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR
VEITA SÖLUMENN OKKAR

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMAR:
530-2819 og 530-2821